

OPIN SVÆÐI Á GOLFVÖLLUM

# VANNÝTT AUÐLIND



*Sterf*

FJÖLBREYTT VISTKERFI

NÁTTÚRUVERND OG VARÐVEISLA MENNINGARARFS

GOLFVÖLLUR

ÚTIVISTARSVÆÐI



## FORMÁLI

Golfvellir geta haft mun fjölþættari tilgang fyrir samfélag sitt en það eitt að þjóna sem leikvöllur fyrir kylfinga. Þegar litið er til golfvallarins með augum þess er ekki leikur golf, þá kann að vera auðvelt að koma auga á notkunarmöguleika á því landi sem þar leynist. Vel heppnað, blandað útivistar- og verndarsvæði í þágu náttúru og menningar, sem skipulagt er ásamt golfbrautum, getur orðið samfélaginu mikill styrkur. Til dæmis, þá geta golfvellir lagt ýmislegt af mörkum í þágu byggðapróunar í dreifbýli, undirstrikað arfleifð ýmissa svæða gagnvart náttúru og menningu og lagt lóð sín á vogarskálar gagnvart vistfræðilegri fjölbreytni. Golfvellir geta gagnast mörgu öðru útivistarfólki en bara kylfingum.

Með því að nýta þá reynslu sem fyrir hendi er á Norðurlöndum viljum við gera norrænt golf að skólábókardæmi um vel heppnaða blöndun á landnotkun á golfvöllum og um fyrirmyndarsamvinnu milli ólíkra hagsmunahópa. Norðurlöndin geta með þessu þjónað sem driffjöður í að tvinna saman íþróttir og umhverfið, í eigin heimshluta og á heimsvísu.

Útgefandi þessa rits er STERF (Scandinavian Turfgrass and Environmental Research Foundation), sem er sameiginlegur rannsóknar- og þróunaraðili fyrir golfsambönd allra Norðurlandanna. Árið 2010 réðst STERF í verkefni sem bar yfirskriftina „Norrænt

samstarf yfirvalda við aðila utan stjórnsýslunnar í þágu bættra vistkerfa á golfvöllum og aukinnar blöndunar á landnotum innan þeirra.” Markmiðið var að koma á tengslum og opna samtal milli sérfræðinga og hagsmunahópa í samfélaginu sem áhuga hafa á að nýta það landrými sem finna má á golfvöllum.

Eitt af viðfangsefnum verkefnisins var að tryggja að stofnanir og samtök utan golfhreyfingarinnar nýttu sér þá þekkingu og aðferðir sem hafa verið þróaðar og sannreynðar í hinum ýmsu rannsóknarverkefnum á vegum STERF.

Við vonum að þessi leiðarvísir muni þjóna sem innblástur gagnvart fjölbreyttari landnýtingu á golfvöllum, en í honum lýsum við helstu forsendum og vörpum ljósi á vel heppnuð dæmi frá sjö norrænum golfvöllum.

Við viljum einnig þakka norrænu ráðherranefndinni, sem fjármagnaði þetta verkefni og gerði okkur um leið mögulegt að þróa hugmyndina, auka vitund um samnýtingarmöguleika og koma á tengslum milli yfirvalda, rannsóknarstofnana, umhverfis- og útivistarsamtaka og golfiðnaðarins á Norðurlöndum sem og á heimsvísu.

Danderyd, Svíþjóð, 15. febrúar 2011.

Maria Strandberg  
Verkefnisstjóri, STERF.



# OPIN SVÆÐI Á GOLFVÖLLUM – VANNÝTT AUÐLIND

## EFNISYFIRLIT

Samantekt	6
Hver er ávinningurinn?	8
Staðreyndir um norrænt golf	8
Góð samvinna gerir gæfumuninn	10
Aðgengi þeirra sem ekki leika golf	14
Fjölbreyttari vistkerfi: Ný tækifæri á golfvöllum	18
Sögu- og menningararfur: Verndun og fræðsla	22
Dæmisaga: Spaarnwoude-golfsvæðið í Hollandi	26
Hugmyndir um annars konar landnot á golfvöllum	29
Þátttakendur og tengiliðir	30

○ TEKJULIND

SAMVINNA ○



## SAMANTEKT

Náttúran hefur ávallt verið mannkyninu innblástur. Hún er eilíft viðfangsefni lista og bókmennta, veitir innri ró, er vettvangur ólýsanlegra upplifana og bætir heilsu. Rannsóknir sýna að kylfingar meta meir upplifun sína af náttúru golfvallarins og tækifæri til að verja tíma undir berum himni heldur en leikinn sjálfan. Þess vegna er rík ástæða til að deila þessu dásamlega umhverfi með fleirum.

Á golfvöllum má oft finna stór svæði, sem ekki eru beinlínis notuð í þágu leiksins. Einnig er algengt að klúbbhús standi tóm yfir veturinn. Mögulegt á að vera að nýta land og mannvirki betur og skapa ný tækifæri til útivistar, sérstaklega í þéttbýli. Ef fleiri hópar en bara kylfingar gætu nýtt sér svæði innan golfvallarins, myndi það vafalítið styrkja rekstrargrundvöll golfklúbba og gefa þeim meira vægi innan samfélagsins. Allir eiga að geta notið ávinnings af aukinni samnýtingu og virkara samstarfi.

Golfklúbbur, sem hugsar á þessum nótum, horfir á tilvist sína og starfsemi í hinu víðara samhengi. Hann sækist ekki aðeins eftir því að bjóða félögum sínum – kylfingunum – upp á góðan vettvang til að þeir geti stundað áhugamál sitt, heldur tekur hann einnig virkan þátt í að skapa eftirsóknarvert samfélag. Það gerir hann t.d. með því að leggja hönd á plóg í þágu vistfræðilegs fjölbreytileika, með því að vernda híbýli ákveðinna dýrategunda og undirstrika menningarlega arfleifð og sögu svæðisins ásamt því að bjóða annað útivistarfólk velkomið að gefnu tilliti til öryggis allra sem að koma.

Ef gera á golfvöll að vel heppnuðu, almennu úti- vistar svæði er nauðsynlegt að allir hagsmunahópar vinni vel saman, enda er ávinningurinn mikill ef vel tekst til. Þessi vinna þarf að taka mið af þeim þörfum og áskorunum sem fyrir liggja, bæði frá forsendum kylfinga og eins hinna sem geta notað svæðið.

Allir hlutadeigandi þurfa að koma að borðinu, s.s. sveitarfélög, opinberar stofnanir, útivistarfélög og samtök, landeigendur, íbúar og fyrirtæki. Polinmæði, traust, virk samskipti, styrk stjórnun og meðferð hugmynda eru lykilþættir í þessu samhengi. Nú þegar eru til góð dæmi um samvinnu sem þessa.

Þessi leiðarvísir sýnir hvernig nokkrir norrænir golfvellir eða klúbbar hafa stigið út fyrir þann ramma sem flestir þekkja og lagt sitt af mörkum til að bæta aðgengi almennings, skapa fjölbreyttari vistkerfi og varðveita menningarlega arfleifð þeirra svæða sem þeir nota. Innblástur okkar kemur ekki aðeins frá Norðurlöndunum, heldur einnig frá Hollandi. Hví ættum við ekki að gera Norðurlöndin að driffjöður í frekari þróun í þessa átt?



Fulltrúar frá norrænum golfklúbbum, yfirvöldum og opinberum stofnunum í kynnisferð á Smörum Golfcenter, sem var hluti af ráðstefnu um fjölbreyttari landnot á golfvöllum í september 2010.

# HVER ER ÁVINNINGURINN?

ALMENN ÚTIVIST

BÆTT HEILSA OG LÍFSGÆÐI

Á golfvöllum má oft finna stór svæði, sem ekki eru beinlínis notuð í þágu leiksins. Þau má nýta undir aðra útivist, líkt og gert er hér á Köbenhavns Golfklubb.




Golfklúbbur, sem hugsar á þessum nótum, horfir á tilvist sína og starfsemi í hinu víðara samhengi. Hann sækist ekki aðeins eftir því að bjóða félögum sínum – kylfingunum – upp á góðan vettvang til að þeir geti stundað áhugamál sitt, heldur tekur hann einnig virkan þátt í að skapa eftirsóknarvert samfélag.

Norræn stjórnvöld óska mörg hver eftir aukinni samnýtingu á því landi sem golfvellir nota. Hún er liður í vinnu þeirra við að framfylgja umhverfisstefnu og ná settu marki gagnvart umhverfismálum og almennum lífsgæðum íbúa. Þetta á sérstaklega við í þéttbýli, þar sem finna má flesta golfvelli.

Frekari blöndun á landnotum getur einnig haft í för með sér ávinning fyrir golfklúbbinn. Með fjölbreyttari umferð um svæðið er unnt að ná í nýjar tekjur. Staða klúbbsins í samfélaginu getur einnig orðið sterkari í

kjölfar slíkrar vinnu í átt að sjálfbærri þróun, virkari samvinnu með yfirvöldum, umhverfisstofnunum, útivistarsamtökum og öðrum íþróttafélögum. Allt þetta getur haft í för með sér jákvæðari ímynd og aukinn stuðning. Nefna má eftirtalin dæmi um fjölþættari tilgang og aukna blöndun landnota á golfvöllum. Klúbburinn gæti t.d. opnað á þann möguleika að um völlinn geti legið göngustígar, slóðar og/eða reiðgötur. Einnig má skilgreina ákveðin svæði sem votlendi, eða sem hentað geta til endurheimt votlendis.



## ▶ STAÐREYNDIR UM NORRÆNT GOLF

Golf er vissulega landfrekur leikur. Norrænir golfvellir þekja alls um 60 þúsund hektara lands. Skráðir iðkendur í golfsamböndum Norðurlandanna eru um 900 þúsund. Þeir stunda tómstundaiðju sína á ríflega 900 völlum. Til samanburðar, þá eru skráðir iðkendur í Evrópu um 4,5 milljónir. Þar að auki eru fjölmargir óskráðir. Fjöldi golfvalla í álfunni er um 6.700.

18-holna golfvöllur þekur að jafnaði um 65 til 70 hektara. Þar af eru um 20 hektarar í nær stöðugri eða reglubundinni umhirðu – svæði sem eru „í leik“ eins og brautir, flatir og teigar. Annað land, sem er um 50 til 70% af heildarflatarmáli golfvallarsvæðisins, flokkast ýmist sem hirt ytri svæði eða lítt hirt land með upphaflegum gróðri. Algengast er að golfvöllur eða klúbbur sé opinn eigin félagsmönnum, sem greiða árgjald, sem og öðrum kylfingum sem þá greiða vallargjald fyrir hvert skipti sem þeir nota völlinn.

## GÓÐ SAMVINNA GERIR GÆFUMUNINN

Ef gera á golfvöll að vel heppnuðu almennu útivistarsvæði er nauðsynlegt að allir hagsmunahópar vinni vel saman, enda er ávinningurinn mikill ef vel tekst til. Þessi vinna þarf að taka mið af þeim þörfum og áskorunum sem fyrir liggja, bæði frá forsendum kylfinga og eins hinna sem geta notað svæðið. Allir hlutaðeigandi þurfa að koma að borðinu, s.s. sveitarfélög, opinberar stofnanir, útivistarfélög og samtök, landeigendur, íbúar og fyrirtæki.



Reynsla hefur kennt okkur að virkt samstarf allra hlutaðeigandi hefur í för með sér jákvætt viðhorf í garð golfvallarins eða klúbbsins. Að ýmsu þarf að hyggja til að tryggja að samstarfið gangi sem best. Fulltrúar golfklúbbs eða vallar þurfa að hafa raunverulegan áhuga á umbótum sem þessum, eða eiga frumkvæði að þeim. Einnig er nauðsynlegt að skrefin, sem stigin eru, feli í sér a.m.k. eitt verkefni sem hefur í för með sér áþreifanlegan ávinning fyrir þá hagsmunahópa sem að málinu koma.

Samstarf og samskipti milli golfklúbba, yfirvalda, annarra samtaka sem og rannsóknarstofnana hafa ekki verið upp á marga fiska gegnum tíðina. Teikn eru á lofti um að þetta sé að breytast til batnaðar. Í stað þess að verða stillt upp sem andstæðingi, hafa margir golfklúbbar gert hið gagnstæða og hafa sýnt frumkvæði í þágu náttúruverndar og aukinnar fræðslu um menningarlega arfleifð svæða sinna.

### ALLIR ÞÁTTTAKENDUR NJÓTI ÁVINNINGIS

Gott samstarf getur leitt af sér mörg minni verkefni, t.d. úttekt á lífríki, talningu tegunda og gerð

umhirðuáætlana í þágu náttúruverndar. Þá eru til mörg dæmi um að samnýting lands hafi falið í sér lausnir á þekktum og gamalgrónum vandamálum, t.d. skort á undirlendi. Má þar nefna beitarlönd.

Þolinmæði, traust og öflug eftirfylgni eru lykilþættir í vinnu sem þessari. Sérstaklega er mikilvægt að fólkið, sem leiðir verkefnið fyrir hönd síns hagsmunahóps, hafi þetta að leiðarljósi.

### SAMSKIPTI VERÐI VIRK OG OPIN

Þegar samvinna er hafin er nauðsynlegt að standa fyrir virkri upplýsingagjöf, t.d. til félaga í golfklúbbum, til fjölmiðla og raunar allra sem áhuga kunna að hafa á málefninu. Dæmi eru einnig um að sérstök námskeið hafi verið haldin með áherslu á þátttöku sérstakra hópa, t.d. fagfólks í náttúruvernd. Slík námskeið geta verið ákaflega gagnleg til að kynna því forsendur golfhreyfingarinnar og þau viðfangsefni sem golfvallastjórar vinna að. Þannig eykst skilningur og nýjar hugmyndir verða til. Námskeiðum sem þessum hefur verið einkar vel tekið af þessu fagfólki auk fulltrúa sveitarfélaga, háskóla o.þ.h.

## ▶ UPPSKRIFT AÐ GÓÐRI SAMVINNU

- Styrk stjórnun og gott skipulag.
- Leitað strax til allra sem kunna að hafa áhuga á samstarfi.
- Auðmýkt fyrir nýjum hugmyndum og óvenjulegum leiðum til fjáröflunar.
- Áhersla á að hver hagsmunaaðili njóti ávinnings.
- Það tekur tíma að byggja upp traust og góð tengsl milli þátttakenda. Gefið ykkur tíma.
- Gegnsæi og lýðræðisleg vinnubrögð.
- Jöfn og góð upplýsingagjöf, sem varpar ljósi á niðurstöður, jafnvel þó þær virðist léttvægar.
- Leitið eftir utanaðkomandi styrkjum fyrir hin ýmsu smærri verkefni. Möguleikarnir eru margir.
- Njótið vinnunnar og gerið hana skemmtilega!

## ▷ DÆMISÖGUR UM FARSÆLT SAMSTARF

**HÄSSELBY-GOLFVÖLLURINN** stendur á gamalgrónu ræktarlandi í Stokkhólmi, með byggð á aðra hönd og opin, græn svæði á hina. Þar er rík hefð fyrir samvinnu ólíkra hagsmunaaðila. Hasselby hefur um árabíl tekið þátt í Lövsta Alliance/Kyrkhamn-sambandinu, sem telur 33 samtök og stofnanir sem vinna í þágu náttúruverndar og varðveislu menningararfs á svæðinu.

Árið 2005 var ákveðið að endurnýja og útvíkka vatnasvæði á golfvöllinum og næsta nágrenni. Ráðgert var að um lokað kerfi yrði að ræða, sem ætti að leggja grunn að betra og fjölbreyttara vatnalífriki og skapa ný húbýli fyrir lífverur sem því tilheyra. Einnig var fyrir séð að slík samsetning lífríkis myndi hreinsa vatnið. Síðast, en ekki síst, var talið að útvíkkun þessa vatnasvæðis myndi gera golfvöllinn áhugaverðari og ýta undir jákvæða upplifun kylfinga af honum.

Umfangsmiklu samstarfi var komið á milli allra þeirra félaga, samtaka og stofnana sem sýndu verkefninu áhuga auk yfirvalda, þjóðminjasafnsins, háskóla o.fl. Öllum þeim, sem áttu mögulega hagsmuna að gæta eða sem höfðu áhuga á að hafa áhrif eða fylgjast með framvindunni, var boðið að segja skoðun sína á aðferðafræðinni og deila reynslu sinni og þekkingu. Allir, sem það þáðu, gerðu það frítt.

Afraksturinn var ekki aðeins nýtt og endurbært vatnalífriki, heldur myndaði þetta öflug samstarf



**HÄSSELBY GOLF** réðst í tjarnagerð og hóf um leið víðtækt samstarf við fjölda annarra hagsmunahópa.

traustan grunn svo andstaða við gerð tjarnanna varð lítil sem engin. Hasselby Golf hefur einnig notið talsverðar velvildar í kjölfarið, hefur fengið verðskuldaða athygli í fjölmiðlum og hlotið allnokkur verðlaun fyrir vinnu sína í þágu umhverfisverndar.

**HÍLÍAVÖLLUR GOLFKLÚBBSINS KJALAR** í Mosfellsbæ stendur á landi sem er í eigu sveitarfélagsins. Uppúr aldamótum 2000 þyngdi klúbburinn sókn sína eftir viðbótarlandi á Blikastaðanesi til að stækka völl sinn úr níu holum í átján. Umrætt svæði var þá í eigu verktakafyrirtækis sem hugði þar á að koma upp byggð. Klúbburinn leitaði þá til Hestamannafélagsins Harðar



**GOLFKLÚBBURINN KJÖLUR** fékk leyfi fyrir stækkun á Blikastaðanesi eftir samstarf við önnur útivistarfélög.

og fulltrúa stangveiðimanna, sem vitað var að vildu nýta svæðið, og hafði samráð við bæði félög við gerð heildartillögu fyrir golfvöll og aðra útivist á nesinu. Þessi tillaga var síðan færð sveitarfélaginu í hendur og varð m.a. til þess að það skipti á landi við verktakann. Allir þessir aðilar settust saman við teikniborðið og komu sér saman um mörk byggðar og golfvallar að teknu tilliti til öryggissjónarmiða. Þá samþykkti verktakinn að bílastæði vegna fyrirhugaðs, nýs klúbbhúss yrði komið fyrir á landi því sem hann fékk í skiptunum.

Skipti þessi fólu einnig í sér samninga um skipti á jarðvegi. Verktakinn fékk leyfi til að opna malarnámu tímabundið á Blikastaðanesi, til að geta notað efnið í húsgrunna og í gatnagerð. Á sama hátt var gert ráð fyrir



Dianthus arenarius er sjaldgæf, en vex villt á **KRISTIANSTAD-VELLINUM** í Svíþjóð.

Því að allur uppgröftur úr þessum sömu grunnum og hliðstæðum framkvæmdum færi í mótun golfvallarins. Fyrirséð var að þessi samnýting kæmi í veg fyrir að þúsundum bílfarmanna af möl og jarðvegi yrði ekið gegnum Mosfellsbæ, með tilheyrandi mengun, truflun og kostnaði. Samstarf af þessu tagi getur þannig náð fram sjálfbærni á öllum þremur grunnsviðum hennar; þ.e. hvað varðar umhverfisvernd, ávinning fyrir samfélagið og ekki síst efnahagslega.

Árið 2003 vildi **KRISTIANSTAD-GOLFKLÚBBURINN** í Svíþjóð kaupa land af sveitarfélaginu til að byggja nýjan 18-holna völl. Landslagið í kringum Áhus er



Styrkleikar og verðmæti gagnvart náttúru og menningararfi voru kortlögð í samvinnu milli **OPPEGÅRDS-GOLFKLÚBBSINS, STRI** and **NORSKA GOLFSAMBANDSINS**.

einstakt og einkennist af sendnum sléttum. Náttúra svæðisins og menningararfleifð hefur mikla þýðingu. Þar er að finna mikinn fjölda sjaldgæfra plantna (á rauðum lista), lífvera og sveppa. Sumar þessara tegunda finnast aðeins á Norðurlöndum.

Í fyrstu mættu óskir klúbbsins nokkurri andstöðu. Eigi að síður ákváðu yfirvöld í Kristianstad, að höfðu samráði við umhverfisvöld í bænum, að það væri betra að fá golfvöll á umræddan stað en að þar myndi mögulega rísa iðnaðarsvæði eða eitthvað sambærilegt í framtíðinni. Þess vegna samþykktu stjórnvöld að selja klúbbum landið gegn því að hann ynni ötullega að því að fá umhverfsvottun fyrir hinn nýja völl.

Klúbburinn starfrækir nú verkefni í samstarfi við

umhverfisvöld á staðnum, sem fjármagnað er af STERF og einblínir á aðferðir til að vernda náttúru og viðhalda menningarlegum arfi, upplýsingagjöf og aðgengi. Um er að ræða skólabókardæmi um það hvernig starfsemi íþróttafélags getur farið saman við slíka vernd og varðveislu.

Meðal þess, sem bryddað er upp á í tengslum við verkefnið, eru gönguferðir með áherslu á grasafræði sem klúbburinn efnir til í samvinnu við grasafræðifélag og náttúruverndarsamtök á landsvísu auk þess að taka um leið þátt í norrænu framtaki sem nefnist Villiblómadagurinn. Þetta samstarf hefur oft sinnis fengið umfjöllun í blöðum og í útvarpi og hefur aukið hróður golfklúbbsins og vallarins.

## AÐGENGI ÞEIRRA SEM EKKI LEIKA GOLF

Rannsóknir sýna að kylfingar meta meir upplifun sína af náttúru golfvallarins og tækifæri sínu til að verja tíma undir berum himni heldur en leikinn sjálfan. Þess vegna er rík ástæða til að deila þessu dásamlega umhverfi með fleirum.



GOLFBANA

## BETRI NÝTING Á MANNVIRKJUM

Á dæmigerðum golfvelli má finna stór svæði, sem ekki nýtast beinlínis til golfiðkunar. Því má telja að í flestum tilvikum leynist vannýtt tækifæri á samnýtingu, jafnvel á sjálfum brautunum. Göngustígar eða slóðar eru algengir á golfvöllum, en möguleikarnir eru óþrjótandi þótt þeir kunni að virðast langsóttir. Til eru dæmi um að golfvelli nýtist sem landingarstaðir fyrir fallhlífastökkvara, til bogfimiæfinga, fyrir keppnisfólk í hjóltreidum eða sem leikvelli barna.

Hið sama gildir um klúbbhúsin. Þau eru að sjálf-sögðu misjöfn að stærð og gæðum. Flest þeirra eiga það þó sameiginlegt að standa auð yfir stóran hluta ársins, og jafnvel yfir hluta dags. Miklu fé hefur oft verið varið í þessar byggingar, sem gefa lítið af sér einar og sér. Í því ljósi væri ákjósanlegt ef hægt væri að ná betri samnýtingu á þessum mannvirkjum. Er hugsanlegt að önnur íþróttafélög eða samtök geti notað þau? Hægt er að hugsa sér að halda megi ráðstefnur og fundi, standa fyrir viðburðum eða verkefnum fyrir börn og annað yngra fólk o.s.frv. Ef völlum liggur nærri litlum bæ eða þorpi má vel hugsa sér að klúbbhús golfvallarins geti einnig þjónað sem einskonar félagsmiðstöð.

## HUGSIÐ ÚT FYRIR RAMMANN

Til að ná árangri gagnvart samnýtingu sem hér hefur verið lýst er nauðsynlegt að hugsa út fyrir rammann og leyfa hugmyndafluginu að njóta sín. Tækifærin eru

sérstaklega mörg á nýjum, fyrirhuguðum golfvöllum, sem hann þarf frá grunnni. Möguleikarnir eru allt frá því að byggja upp sjálf landingarsvæðin á æfingasvæði golfvallarins (driving range) með sandi, svo að auðvelt reynist að breyta þeim í skautasvell eða skíðasvæði á vetrum. Allt fer þetta eftir staðháttum og hæfni þátttakenda í verkefnum til að koma auga á lausnir.

Við endurskoðun á fyrirliggjandi golfvelli eru möguleikarnir skiljanlega ekki jafn margir. Vel er hugsanlegt að finna megi einhverjum brautum nýjan og betri stað og að þannig fái land undir annars konar iðju, sem hentar betur.

## SETJIÐ ÖRYGGIÐ Á ODDINN

Óttinn við að verða fyrir golfbolta á flugi er mun ríkari meðal þeirra sem ekki leika golf heldur en kylfinganna sjálfra. Þótt slys séu afar fátíð skal taka þennan ótta alvarlega og bera fyrir honum virðingu. Til eru ákveðnar viðmiðanir um öryggismál á golfvöllum og hvernig best er að blanda saman golfi og öðrum landnotum.

Auka þarf fræðslu um þessi mál og slá á þennan ótta um að golfvöllurinn sé hættulegur staður. Á flestum stöðum mætti endurhugsa uppsetningu á skiltum, texta á þeim og staðsetningu. Slík skilti ættu að bjóða fólk velkomid inn á golfvallarsvæðið, veita því upplýsingar um eðli leiksins og benda á örugg svæði.

## ► DÆMISÖGUR

**OPPEGÁRDS-GOLFKLÚBBURINN** leigir land af sveitarfélaginu og liggur völluminn í miðri íbúabyggð. Margir íbúar mótmæltu áformum um gerð vallarins þar sem þeir töldu að hann myndi hindra alla þá sem vildu fara í gönguferðir og njóta náttúrunnar. Á hinn bóginn kom í ljós að aðgengi fólks að áhugaverðum stöðum gerði lítið annað en að aukast og batna, þar sem gerð golfvallarins fól í sér lagningu stíga og slóða, sem tengdu saman þessa eftirsóknarverðu staði fyrir íbúa.



Náttúru- og menningarslóðin gegnum Kristianstads-golfvöllinn í Svíþjóð gerir almenningi, skólábörnum og kylfingum kleift að njóta óspilltrar náttúru. Myndin er tekin af ungum nemendum í náttúrufræðikennslu á vellinum, undir berum himni.



Oppegård-golfvöllurinn er vel nýttur allt árið.  
Golf á sumrin, skíði á veturna.

Leigusamningur sveitarfélagsins við golfklúbbinn kveður á um að nota megi völlinn undir vetraríþróttir þegar þannig árar. Skíðafélag staðarins hefur tekið að sér að ryðja og annast skíðagöngubrautir og fleira þess háttar. Félagið hefur m.a.s. komið upp varanlegri snjóvinnsluvél, sem notar vatn úr tjörnum golfvallarins.

Samkomulag sem **KRISTIANSTADS-GOLFKLÚBBURINN** í Svíþjóð hefur gert við sveitarfélag sitt felur í sér ákvæði um að fræðsla um náttúru og menningararf svæðisins verði aukin, sem og aðgengi almennings að umræddum svæðum. Klúbburinn hefur lagt gönguslóða með fræðsluskiltum um hífýli ýmissa lífvera o.fl. Slóði þessi opnar almenningi leið að áhugaverðum náttúrusvæðum innan golfvallarins og er einnig mikið notaður af barnaskólum bæjarins til skipulagðrar kennslu.

**KÖBENHAVNS GOLFKLUBB** leigir landið sem völlurinn stendur á, en það er hluti af Jägerborg-dýragarðinum. Um er að ræða stórt náttúruverndarsvæði, þar sem finna má skóga með nokkrum risavöxnum, ævagömlum trjám í bland við opin svæði. Fjöldmargt fólk notar svæðið ýmist til að ganga í skóginum, leika golf, hjóla, skokka eða fara um á hestbaki. Allir hafa þar jafnan rétt og ríkir gagnkvæm virðing milli allra vegfarenda og notenda.



Í Jägerborg-dýragarðinum er golf leikið innan um tvö þúsund villt dádýr.





Göngu- og reiðstígar umhverfis og í gegnum Hlíðavöll gera öllum kleift að njóta hins fallega Blikastaðanes.

Golfklúbburinn þarf að sníða starfsemi sína að þessu, sem og þeim tvö þúsund dádýrum sem þar má finna og setja mikinn svip á umhverfið. Tvisvar á ári þurfa kylfingar að víkja fyrir reglubundnum viðburðum eins og Hubertus-hátíðinni, þar sem mikill fjöldi hesta, knapa og áhorfenda kemur saman, og Hermitage-hátíðinni, þar sem leið um 20 þúsund hlaupara og áhorfenda liggur um golfvöllinn.

Á haustin fer einnig fram stór flugdrekaátíð. Á veturna er golfvöllurinn notaður af skíðafólki og börnum með sleða. Á haustin eru stígar umhverfis völlinn einnig notaðir af skólum Kaupmannahafnar á hinum svokallaða Þjóðar-útivistardegi. Til viðbótar má nefna reiðgötur umhverfis og gegnum völlinn, sem eru m.a. nýttar daglega af nemum við nálægan reiðskóla. Þá er völlurinn vinsæll meðal fólks í sveppatínslu, þar sem auðvelt er að finna þá í hirtu grasinu.

Margir ljósmyndarar heimsækja völlinn, sérstaklega þegar dádýrin láta mest að sér kveða á haustin. Á meðan veiðitímabilið stendur yfir eru sum dádýrin skotin, jafnvel inni á sjálfum golfvöllinum, án þess að vart verði við truflun eða ónæði meðal kylfinga eða veiðimanna.

Öll strandlengjan um Blikastaðanes, sem **KJÖLUR** sóttist eftir vegna stækkunar Hlíðavallar úr níu holum í átján, er á náttúruminjaskrá. Þurfti klúbburinn að taka tillit til þessa. Þá gerði Umhverfisstofa jafnframt kröfu um að umhverfis völlinn yrðu bæði göngu- og reiðstígar og að einnig yrði hugsað fyrir samskonar leið, svo-

kallaðri hraðleið, í gegnum völlinn. Mátti klúbburinn því ekki leggja neinar golfbrautir milli hringstígsins og strandlengjunnar.

Skipulag svæðisins fól í sér samvinnu milli fulltrúa allra skilgreindra hópa sem höfðu áhuga á að nýta svæðið til útivistar. Hafði klúbburinn frumkvæði að slíku samstarfi og úr varð ein heildartillaga að almennu útivistarsvæði á Blikastaðanesi, sem virðist hafa gert gæfumuninn þar sem ekki var ljóst á því stigi hvernig nesið yrði notað.

Kjölur rekur nú golfvöll sem tvinnnaður hefur verið saman við þéttriðið net göngu- og reiðstíga, auk þess sem ákveðnum brautum var haldið í öruggri fjarlægð frá ósum Úlfarsár (Korpu) til að rýra ekki gildi hennar gagnvart stangveiði.

**ARENDAÐ & OMEGN-GOLFKLÚBBURINN**, Nes Verks Golfcenter, stendur á landi sem notað var af Nes-járnsteypuverksmiðjunni á árunum 1665-1959. Þegar völlurinn var byggður voru lagðir slóðar og skilti sett niður í samstarfi við sögufélag staðarins og járnsteypusafnið. Safnið efnir einnig til sérstakra kynnisferða um golfvöllinn.

Golfklúbburinn hefur einnig útbúið veiðistaði og böðunaraðstöðu í nærliggjandi á og er hvort tveggja mjög vinsælt að sumarlagi. Einnig hefur svæðið notið vinsælda meðal skíðafólks að veturnalagi. Gönguskíða- og sleðabrautir eru lagðar og stökkpöllum komið fyrir í samstarfi við ýmis íþróttafélög og yfirvöld.

## FJÖLBREYTTARI VISTKERFI: NÝ TÆKIFÆRI Á GOLFOVÖLLUM

Vistfræðilegur fjölbreytileiki getur orðið nær óendanlegur, þar sem hugtakið nær yfir öll form lífs á jörðinni, þekkt og óþekkt, í vatni eða á þurru landi. Maðurinn lifir á Móður náttúru og fjölbreytileiki vistkerfa hennar er mikilvægur hlekkur í að viðhalda ákveðinni keðjuverkun sem er okkur öllum nauðsynleg.



◦ **SAMSPIL LÍFRÍKIS  
OG ÚTIVISTAR**

Svæði, sem bera merki um aðkomu og inngríp mannsins, stækka stöðugt. Þetta merkir að plöntum og dýrum er ýtt til hliðar. Margar tegundir eiga undir högg að sækja. Á sama hátt breiðast þær tegundir hratt út, sem geta aðlagast breyttum aðstæðum. Spurningin er: Getur hið nýja umhverfi sem maðurinn hefur skapað uppfyllt þarfir viðkomandi tegundar? Golfvöllur er ein tegund af slíku umhverfi. Þar eru ýmis tækifæri, t.d. til að endurskapa tjarnir og votlendi sem glataðist þegar landslag tók breytingum í þágu landbúnaðar. Þessi vatnasvæði hýsa margar tegundir lífvera sem annars berjast í bökkum.

Þegar vel eða rétt er staðið að hönnun og hirðu geta golfvellir orðið fyrirtaks vettvangur til að auka á fjölbreytileika vistkerfa og innleiða margar æskilegar plöntur, dýrategundir og aðrar lífverur í annars ræktuðu og tilbúnu landslagi.

## VITI MENN, GOLF GETUR ÁTT SAMLEIÐ MED HEYSKAP OG DÝRUM Á BEIT

Gegnum aldinar hefur landnotkun mótað landslag og gefið því þá ásýnd sem við þekkjum í dag. Til dæmis hefur heyskapur kallað fram þá flóru sem í dag þrífst úti á engjunum. Á hinn bóginn verðum við æ sjaldnar vör við ýmsar aðrar plöntur, t.d. er gamalgróin tún vaxa upp þegar byggð þenst út. Í þessu samhengi geta golfvellir þjónað ríkum tilgangi, að því gefnu að hirða hinna stóru svæða sem jafnan má finna utan sjálfra brautanna beri vott um virðingu fyrir náttúrunni. Grassvæði utan brauta eru vannýttar auðlindir hvað

þetta varðar, en eru kjörin til að skapa fjölbreyttari vistkerfi og bæta aðgengi annarra útivistarhópa. Til dæmis getur verið gagnlegt að slá og heyja þessi ytri svæði árlega við sumarlok. Vera kann að það virki hvetjandi á blómvöxt í sverðinum og kalli fram flóru sem kylfingum þykir fallettri og lífvænlegri fyrir skordýr.

Lengi vel hefur varla mátt heyra minnst á dýr á beit, eða beitarlönd, í sömu setningu og golf og golfvelli ber á góma. Þó eru til nokkur nýleg dæmi um hátt skrifaða golfvelli, þar sem unnið hefur verið meðvitað með beitarhólf, t.d. til að ná fram betri samnýtingu á landi og til að krydda upplifun kylfinga og annars fólks sem notar völlinn.

Þegar nýr völlur er fyrirhugaður er mikilvægt að leita til golfvallahönnuðar, sem er opin fyrir náttúruvernd og varðveislu menningarlegrar arfleifðar, getur haldið utan um heildarmyndina og gert ítarlegar teikningar og áætlanir. Miklu er hægt að áorka með því að auka og bæta upplýsingagjöf. Það eitt að fræða kylfinga um nytsemi hinna ýmsu plantna, sem þeir kunna að finna í glompuköntum og víðar, gagnvart lífríki á golfvellinum, t.d. fuglalífi, getur gefið leiknum nýja vídd.

## MIKILVÆGI KORTLAGNINGAR OG UMHIRÐUÁÆTLANA

Hverjum golfklúbbi er dýrmætt að hafa í förum sínum umhirðuáætlun og framtíðarsýn, sem tekur mið af og undirstrikar náttúru viðkomandi svæðis og hvers kyns menningararfi sem þar kann að leynast. Slík áætlun getur t.d. falið í sér áætlun og teikningar sem

sýna þróun gróðurs til framtíðar, háum sem lágum. Velja skal tegundir út frá forsendum leiksins, landslags og lífríkis. Þá er æskilegt að klúbburinn komi sér upp umhirðuáætlun sem lágmarkar áburðargjöf og notkun hvers kyns plöntulyfja og varnarefna.



Fræðsla skiptir miklu máli. Ekki er á allra vitorði að dauður víður getur gegnt lykilhlutverki í lífríki margra skógargolfvalla.

## ► DÆMISÖGUR

**KRISTIANSTADS-GOLFKLÚBBURINN** fékk leyfi hjá sveitarfélagi sínu til að byggja nýjan 18-holna golfvöll gegn því að hann ynni að því að fá umhverfissvottun fyrir velli sína. Í framhaldinu hóf klúbburinn skrásetningu á tegundum plantna, skordýra og fugla á völlum, í samstarfi við náttúrustofu héraðsins og með fjárhagslegri aðstoð frá STERF. Hugmyndin með þessu

var að hirða ytri svæða tæki mið af þörfum lífríkisins. Menningarleg arfleifð og saga svæðisins var einnig rannsökuð og skrásett, m.a. í formi korts.

Margar tegundanna, sem áttu undir högg að sækja, og þá sérstaklega skordýr, reiða sig á aðgengi að sandi til að lifa af. Golfklúbburinn fékk þess vegna bónda á nærliggjandi bæ til að plægja afmörkuð ytri svæði sem hafa sendinn jarðveg. Klúbburinn beitti einnig eigin tækjum í hliðstæðum tilgangi annars staðar á vellinum. Með þessu komst kalkríkur sandur á yfirborðið, en á þessum slóðum er hann helst að finna næst yfirborðinu. Sandur með þessa eiginleika er lífsnauðsynlegur nokkrum plöntutegundum, þ.á.m. hinni sjaldgæfu *Dianthus arenarius* (sjá mynd á bls. 13). Í dag þrífst þessi planta víða á vellinum.

Einnig voru niðurstöður nýttar til að þróa umhirðu-áætlun fyrir önnur ytri svæði. Á hverju ári eru ný svæði



Sandur er sjaldséður í ræktunarlandi nútímans, en er lífsnauðsynlegur ýmsum tegundum lífvera, t.d. býflugum sem koma sér upp búi ofan í jörðinni. Ýmis svæði utan brauta á Kristianstads-golfvellinum í Svíþjóð eru góð híbýli fyrir þessar flugur.

plægð með sama hætti og lýst var hér að framan til að viðhalda kjörskilyrðum fyrir umræddar lífverur og til að ná fram eftirsóknarverðri dreifingu híbýla þeirra. Mikilvægt er að starfsfólk golfklúbbsins komi að verkum sem þessum til að skapa áhuga og til að starfslið hans upplifi sig sem virka þátttakendur - láti þannig gott af sér leiða í víðara samhengi en aðeins í þágu golfleiksins eða kylfinga.

Loks er fylgst með árangri af verkefninu með árlegri skoðun eða talningu á plöntutegundum. Aðgerðir sem þessar eru ekki kostnaðarsamar, en geta skipt sköpum gagnvart vistfræðilegri fjölbreytni.

Hið lokaða tjarnakerfi á **HÄSSELBY GOLF** virkar í raun eins og lifandi hreinsistöð. Þess utan auka tjarnir þessar verulega á vistfræðilegan fjölbreytileika og gera golfvöllinn áhugaverðari viðureignar fyrir kylfinga.



Ein af tíu nýjum tjörnum á Hasselby-vellinum, sem stuðlar að fjölbreyttara vistkerfi og gefur kylfingum fleira til að hugsa um í leik sínum.

Ávinningur af tjörnunum er margvíslegur. Til dæmis lágmarka þær áburðarleka í hið nærliggjandi Malarenvatn, sem er stærsta drykkjarvatnsból Stokkhólms. Tjarnirnar eru einnig vænleg híbýli fyrir froskdýr. Þá er vatni úr lægstu tjörninni dælt í þá efstu með hjálp lítillar vindmyllu sem klúbburinn reisti sjálfur.

**SMÖRUM GOLFCENTER** hafði löngum átt í erfiðleikum með bjarnarkló á rakari svæðum úti í karganum. Þetta vandamál leystist er beit fjár og nautgripa var leyfð víða utan brauta. Hirðing svæðanna er þannig orðin sjálfbær, þar sem hér er um að ræða lifandi sláttuvélar. Dýrin hafa einnig gefið vellinum nýtt yfirbragð og kryddað upplifun kylfinga og annarra sem nota svæðið. Enn athygliverðara er að síðla hausts er nokkrum dýranna slátrað og er kjötið af þeim að finna á matseðli í klúbbhúsi vallarins.



Nautgripir taka þátt í hirðingu ýmissa ytri grassvæða á Smörum Golf Center í Kaupmannahöfn. Þeir vekja einnig áhuga kylfinga og annarra vegfarenda.

## SÖGU- OG MENNINGARARFUR: VERNDUN OG FRÆÐSLA

Fornar mannvistarleifar er víða að finna. Í mörgum tilvikum hafa þær þegar verið skráðar, en reglulega koma fram nýjar vísbendingar, leifar sem áður voru óþekktar. Þessar minjar og ályktanir, sem af þeim eru dregnar, gefa lífi okkar vissa merkingu og gera okkur kleift að staðsetja okkur í sögulegu og menningarlegu samhengi.

FORN GRAFREITUR



## FORNMINJAR OG GAMLAR BYGGINGAR – RÍKARI UPPLIFUN Á GOLFVELLINUM

Margir golfklúbbar hafa varpað ljósi á menningarlega arfleifð landsins sem vellir þeirra hvíla á með því að leggja stíga og koma upp fræðsluskiltum sem visa fólki veginn og benda þeim á áhugaverðar minjar. Með því að vinna með stofnunum eins og Fornleifavernd, söfnum og fræðasetrum ýmsum á hverjum stað geta golfklúbbar fengið góða leiðsögn til að gera slíkt hið sama og jafnvel fengið til þess styrki eða annars konar aðstoð.

Hvort sem um er að ræða fyrirhugaðan golfvöll eða rötgróinn, þá er eftir sem áður nauðsynlegt að ganga úr skugga um að nóg hafi verið að gert til að kanna hvort á svæðinu leynist fornminjar. Flestar elstu minjarnar leynast að sjálfsögðu í jörðu og við þeim má ekki hreyfa nema með leyfi yfirvalda.

Til eru nokkur áhugaverð dæmi, þar sem golfklúbbar hafa sett sig í samband við slík yfirvöld nógu snemma í ferlinu. Þannig hefur þeim gefist kostur á að fella minjarnar inn í skipulag og ítarlegri hönnun. Í mörgum tilfellum hefur þetta gert viðkomandi golfvöll eftirminnilegri fyrir vikið. Vert er að líta þannig á málið fremur en að túlka fornminjar sem vandamál eða ógn við verkefnið eða völlinn.

Á fyrirmyndargolfvöllum hvað þetta varðar má víða sjá hvernig gamlar byggingar hafa verið nýttar. Enn fremur gegna þær oft lykilhlutverki í mótun á einskönar hugmyndafræði fyrir völlinn og svæðið. Þessar

byggingar geta líka nýst öðrum en bara kyllingum, eins og vikið hefur verið að hér á undan. Besta leiðin til að varðveita gamla byggingu er að nota hana, t.d. með því að leigja hana út undir vinnustofur listamanna líkt og gert er á Korpúlfsstöðum í Reykjavík.

## RÆKTARLAND - MÓTAÐ AF HÖND MANNSINS

Mjög fáa golfvelli er að finna í ósnertu landi. Flestir þeirra liggja í landi sem hefur verið tekið til einhvers konar ræktunar eða hreyft við með öðrum hætti, jafnvel í aldanna rás. Langstærstur hluti alls ræktarlands hefur því verið mótað af hönd mannsins. Því meir sem við nálgumst borgir og bæi, því meir verðum við vör við þessi áhrif. Þeim mun erfiðara er að finna ósnortið land. Á Norðurlöndum er við því búist að golfvelli renni vel saman við umhverfi sitt. Í þessum heimshluta er rík hefð fyrir því að taka tillit til landslags eins og það var áður en golfvöllurinn kom til. Með þessu upplifum við hvern völl sem einstakan, þar sem hann er afleiðing af umhverfi sínu. Móðir náttúra hefur fjölbreytileika sem mannsheilanum er nær ómögulegt að skapa.

Samskonar metnað á að hafa að leiðarljósi þegar íhugað er að blanda öðrum landnotum við golfvöllinn. Þegar hjólareiðastígur eða reiðgata er lögð gegnum golfvöll er æskilegt að sýnd verði sama viðleitni við að fella stíginn í landið á sama hátt og vonandi var gert við hönnun golfvallarins. Þó skal haft í huga að hvað þetta varðar eru ekki til nein rétt eða röng svör. Hvert tilvik þarf að meta og skoða frá öllum hliðum.

## ► DÆMISÖGUR

**SMÖRUM GOLFCENTER** opnaði 1993. Á völlum eru alls níu skrásettir grafreitir. Árið 1997 gerði Smörum samkomulag við yfirvöld um hirðu á tveimur þessara reita. Grasið á þeim er slegið og lággróðri haldið í skefjum svo reitirnir, eða hólarnir, eru vel sjáanlegir úr fjarlægð. Þá hafa fornleifafræðingar, í samstarfi við Smörum, ráðist í nokkur minni verkefni á völlum og m.a. fundið leifar frá járnöld og bronsöld. Einnig hafa komið í ljós skurðir, sem sumir hafa verið klæddir að innan með grjóti, sem bera vott um búskap



Smörum Golf Center leggur mikið uppúr menningarlegum arfi sínum og sögu. Skammt frá klúbbhúsi er forn grafreitir.



fyrir um 300 árum. Þessir skurðir eru nýttir sem einkennandi hindrun eða viðfangsefni fyrir kylfinga, rétt eins og greftrunarhólarnir sem eru í umsjón vallarstarfsmanna. Á svæðinu eru einnig gamlar mógrafir, en þaðan tóku bændur mómold og notuðu sem eldsneyti til kyndingar fram á sjötta áratuginn. Eldsvoðar hafa sett mikinn svip á sögu klúbbhússins og hafa fjölmargar fjölskyldur eða ættir búið þar gegnum tíðina. Vistarverur vallarstarfsmanna eru í byggingu sem áður hýsti mjólkurbú.

Smörum hefur lagt sig fram við að varpa ljósi á sögu svæðisins. Helstu staðreyndum hefur verið safnað saman á myndarlegu korti. Þegar það var gefið út héldu staðarhaldarar ráðstefnu eða námskeið og um leið sýningu á gömlum ljósmyndum. Við jaðar vallarins eru einnig skilti, sem gefa vegfarendum upplýsingar um grafreitina o.fl. Einn þeirra sést vel frá klúbbhúsi.

Nes Verks Golfpark heitir golfvöllur sem **ARENDALE & OMEGN-GOLFKLÚBBURINN** rekur. Völlurinn er á landsvæði sem áður var nýtt af Nes-járnsteypu-verksmiðjunni 1665-1959. Þegar völlumurinn var á fyrstu stigum skipulags kom fram ósk um að ríkri sögu svæðisins yrði haldið á lofti. Ásamt gömlum byggingum var þar að finna gamlar vélar, manngerða tjörn og eins konar 19. aldar garð í anda rómantíkunnar.

Áhugaverðustu staðirnir hafa verið merktir og þess gætt að almenningur, sem og kylfingar, eigi auðvelt með að kynna sér þá. Á nokkrum stöðum á landareigninni eru einnig minjar um fyrstu ár járnsteypunnar á 17. öld.

Þegar kom að stækkun Hlíðavallar í Mosfellsbæ út á Blikastaðanes, þurfti **GOLFKLÚBBURINN KJÖLUR** að taka sérstakt tillit til fornminja sem fundist höfðu á tuttugu stöðum og höfðu þegar verið skrásettar. Jarðvinnu mátti aðeins vinna í 20 metra lágmarks fjarlægð frá jaðri hverrar fornleifaeyningar.



Á Nes Verks Golfpark eru margar skírskotanir í blómaskeið járnsteypuverksmiðjunnar sem þar var áður. Allar minjar um hana eru aðgengilegar almenningi.


## SPAARNWOUDE-GOLFSVÆÐIÐ Í HOLLANDI: OFT GETUR LÍTIL ÞÚFA VELT ÞUNGU HLASSI

Hver hefði trúað árið 1977 að lítil, nýr níu-holna golfvöllur yrði síðar að einu stærsta golfsvæði Evrópu með 66 holum og fjölbreyttri annarri útivistaraðstöðu? Spaarnwoude-golfsvæðið breytti hollensku golfi. Áður en það kom til sögunnar einskorðaðist golf þar í landi við tiltölulega fáa, lokaða einkagolfklúbba. Nú er öldin önnur. Golf í Hollandi hefur blómstrað með tilkomu almenningsvalla sem ekki kostar mikið að leika á.

Spaarnwoude-golfsvæðið er frábært dæmi um vel heppnaða blöndun landnota á golfvelli. Spaarnwoude er eitt stærsta almenna útivistarsvæði Hollands. Þar getur fólk gengið, skokkað, hjólað, róið bátum og jafnvel rennt sér á skíðum niður þrjátíu metra háan hól sem gerður var af mannavöldum með um tveimur milljónum rúmmetra af losuðum jarðvegi frá byggingarsvæðum o.fl. Þá eru þar einnig leikvellir fyrir börn. Stöðugar endurbætur hafa verið gerðar á vellinum til að ýta undir öryggi vegfarenda. Þéttu neti útivistarstíga hefur verið komið fyrir og hefur sérstaklega verið hugað að sjónlínunum þeirra sem ekki leika golf, þ.e. fleiri en aðeins kylfingar fá notað besta útsýnisins sem svæðið hefur upp á að bjóða. Þá er yfirsýn einnig mikilvæg til að draga úr slyshættu. Aðalatriði er að kylfingar og aðrir vegfarendur sjái til hvors annars á völdum stöðum þar sem nándin er mest eða afstaðan að öðru leyti líkleg til að valda núningi eða slysum.

Nándin við Amsterdam og hraðbrautina var Spaarnwoude-golfsvæðinu mikill styrkur. Það naut mikilla vinsælda strax við opnun. Fólk ók góðfúslega í um níutíu mínútur til að komast á teig. Smám saman jukust vinsældirnar og grundvöllur jókst fyrir fleiri völlum. Það varð næsta rökrétta skrefið.

Þá var svokallað „golfhús“ reist, en í því er veitingastaður sem er opin allan daga vikunnar. Flest úti-



vistarsvæði í Hollandi bjóða aðeins upp á litlar veitingasölur sem aðeins eru opnar á sunnudögum. Í því ljósi var „golfhúsið“ á Spaarnwoude kærkomið fyrir útivistarfólk og var strax vel tekið.

Í ljós kom einnig að orðið „klúbbhús“ virtist hafa neikvæð og fráhrindandi áhrif í augum almennings, eða þeirra sem ekki leika golf. Með því að nefna það „golfhúsið“ gerbreyttist viðhorfið þannig að ekki varð vart við neina feimni eða ótta.

Eðli málsins samkvæmt fara sumrin í vinnu við sjálfa golfvöllina, en að veturlagi nýttist starfskrafturinn til

viðhalds á skóglendi svæðisins og til ýmissa annarra framkvæmda. Þetta hefur haft í för með sér ýmsan ávinning fyrir vistkerfi á staðnum.

Til að ná viðlíka árangri í samnýtingu og blöndun landnota og raun ber vitni á Spaarnwoude er nauðsynlegt að leita til sérfræðinga með reynslu og þjálfun á viðeigandi sviðum. Á bak við verkefni líkt og þetta liggur mikil skipulags- og hönnunarvinna. Þá þarf einnig að hafa í huga að blöndun landnota krefst stærra landsvæðis en ef ætlunin er einungis að skipuleggja golfvöll einan og sér.



# HUGMYNDIR UM ANNARS KONAR LANDNOT Á GOLFVÖLLUM

## Á vellinum

- Almennir útivistarstígar
- Reiðgötur
- Stangveiði
- Endurheimt votlendis
- Heyskapur
- Beitarhólf
- Skíðasvæði
- Útikennslustofur barnaskóla
- Vara-bílastæði vegna stórviðburða
- Eigin tillögur:.....

## Í klúbbhúsi

- Veitingarekstur
- Funda- og ráðstefnuaðstaða
- Gisting
- Líkamsrækt/jóga
- Skemmtanir
- Golfreglunámskeið
- Inniaefingar kylfinga
- Fræðslufundir um náttúru og menningu svæðis
- Sundlaug
- Eigin tillögur:.....

## Aðrir viðburðir og uppátæki

- Útikennsla og fræðslugöngur
- Víðavangshlaup
- Hjólaskíði (skíðaganga)
- Ratleikir
- Eigin tillögur:.....

## ÞÁTTTAKENDUR OG TENGILIÐIR

### STERF

Maria Strandberg  
Box 84, 182 11 Danderyd  
+ 46 70 620 17 87  
maria.strandberg@golf.se  
sterf.golf.se

### NORRÆNA RÁÐHERRANEFNDIN

Nordic Council of Ministers Working Group for Terrestrial  
Ecosystems (TEG)  
Jannica Pitkänen-Brunnsberg  
c/o Forststyrelsen, PB 94, FI-01301 Vanda  
+358 40 1968 632  
jannica.pitkanen-brunnsberg@metsa.fi  
www.norden.org

### ÞAU LÖGÐU HÖND Á PLÓGINN:

#### NOREGUR

Ole Römer Sandberg, Department of Landscape Architecture and  
Spatial Planning, Norwegian University of Life Sciences.  
ole.sandberg@umb.no  
Bård Andresen, Vestfold Fylkeskommune, Norge.  
barda@vfk.no  
Svein Tveitdal, UNEP and Arendal & Tvedestrand kommun, Norge.  
Svein.Tveitdal@mail.unep.no  
Pål Melbye, norska golfsambandinu og STERF.  
Paal.Melbye@golfforbundet.no

#### DANMÖRK

Christina Boje, Environmental Board, Danmörku.  
chboe@mst.dk  
Maria Kock-Jensen, The Danish Outdoor Council.

mkj@friluftsradet.dk

Torben Kastrup Petersen, STERF og danska golfsambandinu.  
tkp@dgu.org  
Thomas Roland, Heritage Agency of Denmark.  
roland@kulturarv.dk

### ÍSLAND

Hödur Þorsteinsson, framkvæmdastjóri Golfsambands Íslands.  
hordur@golf.is  
Edwin Roald Rögnvaldsson,  
golfvallahönnuður og stjórnarmaður í STERF.  
edwin@edwinroald.com, Sími 693 0075  
Hildur Vesteinsdóttir, Umhverfisstofnun.  
hildur@Umhverfisstofnun.is

### SVÍPJÓÐ

Mårten Wallberg, Swedish Society for Nature  
Conservation - Stockholm Branch.  
marten.wallberg@naturskyddsforeningen.se  
Bette Malmros, Regional Planning Office, Stockholm  
County Administration Board.  
Bette.Malmros@regionplanekontoret.sll.se  
Carina Wettemark, Biosphere Office,  
Kristianstad Vattenrike, Biosphere Reserve.  
Carina.Wettemark@kristianstad.se  
Maria Strandberg, STERF.  
maria.strandberg@golf.se  
Karin Schmidt, STERF.  
karin\_dagmar@hotmail.com

### FINNLAND

Kristiina Laukkanen, finnska golfsambandinu.  
kristiina.laukkanen@golf.fi

**GOLFKLÚBBAR SEM VIÐ SÖGU KOMA:****ARENDALE & OMEGN GOLFKLUBB, NES, TVEDESTRAND KOMMUN, NOREGI.**

Arendal & Omegn Golfklubb, Nes, Tvedestrand kommun, Noregi. Nes Verk Golfpark, 18-holna golfvöllur og 9-holna aukavöllur (pay and play). Pekur um 750 hektara lands. [www.arendalgk.no/](http://www.arendalgk.no/)

**HÄSSELBY GOLF, HÄSSELBY/STOKKHÓLMI, SVÍPJÓÐ**

9-holna golfvöllur og stórt heilsárs æfingasvæði. Um 16 ha. [www.hasselbygolf.se](http://www.hasselbygolf.se)

**GOLFKLÚBBURINN KJÖLUR, MOSFELLSBÆ.**

18-holna golfvöllur og æfingasvæði við Leiruvog og á Blikastaðanesi. [www.gkj.is](http://www.gkj.is)

**KRISTIANSTADS GK, ÅHUS, SVÍPJÓÐ.**

Tveir 18-holna golfvellir. 120 ha. [www.kristianstadsgk.com](http://www.kristianstadsgk.com)

**KÖBENHAVNS GK, JÄGERBORG ANIMAL PARK, KGS LYNGBY / KAUPMANNAHÖFN, DANMÖRKU.**

18-holna golfvöllur. Elsti golfvöllur Skandinavíu, stofnaður 1898. [www.kgkgolf.dk](http://www.kgkgolf.dk)

**OPPEGÅRD GK, OPPEGÅRD, NOREGI.**

18 holur og æfingasvæði á um 260 ha. [www.oppegardgk.no](http://www.oppegardgk.no)

**SMÖRUM GOLFCENTER, SMÖRUM/KAUPMANNAHÖFN, DANMÖRKU.**

36 holur á 217 ha. [www.smorumgolfcenter.dk](http://www.smorumgolfcenter.dk)

**GOLFBAAN SPAARNWOUDE, VELSEN-ZUID, HOLLANDI.**

66 holur. [www.golfbaanspaarnwoude.nl](http://www.golfbaanspaarnwoude.nl)

**GOLFSAMBÖND Á NORÐURLÖNDUM:**

Danmörk, [www.danskgolfunion.dk](http://www.danskgolfunion.dk)  
Finnland, [www.golf.fi](http://www.golf.fi)  
Ísland, [www.golf.is](http://www.golf.is)  
Noregur, [www.golfforbundet.no](http://www.golfforbundet.no)  
Svíþjóð, [www.golf.se/SGF](http://www.golf.se/SGF)

**VERKEFNI Á VEGUM STERF:**

Í þessum leiðarvísi hefur m.a. verið notast við gögn og niðurstöður úr eftirtöldum verkefnum á vegum STERF. Hægt er að lesa meira um þau á [sterf.golf.se](http://sterf.golf.se):

"The role of golf course management in the support of wetland-associated organisms in greater metropolitan Stockholm."

Eftir Johan Colding, Beijer Institute of Ecological Economics, Royal Swedish Academy of Science (2006-2008).

"The influence of golf on nature and environment – analyses and evaluation of the environmental performance in Scandinavia." Eftir Bente Mortensen, GreenProject (2006-2008).

"Environmental Management Systems for Golf Facilities: a Case Study in the Stockholm and Uppsala Golf Districts." Eftir Märten Wallberg, Swedish Society for Nature Conservation - Stockholm Branch (2007-2009).

"Multifunctional golf course with unique natural and cultural values." Eftir Carina Wettemark, Biosphere Office, Kristianstad Water Kingdom (2009-2010).

"Preservation of cultural landscapes and cultural heritage elements on golf courses."

Eftir Ole Römer Sandberg, Norwegian University of Life Sciences (2009-2012).

**TEXTAGERÐ OG RITSTJÓRN:****ÁBYRGÐARMAÐUR:**

Maria Strandberg, e-mail [maria.strandberg@golf.se](mailto:maria.strandberg@golf.se)

**RITSTJÓRI:** Karin Schmidt

**ÚTLIT OG UMBROT:** Björn Andersson

**ÍSLENSK ÞÝÐING:** Edwin Roald Rögnvaldsson golfvallahönnuður.

**TEXTI OG MYNDIR:**

Björn Andersson, sænska golfsambandinu.

Carina Wettemark, vistfræðingur hjá Biosphere Office, Kristianstad Water Kingdom.

Edwin Roald Rögnvaldsson, golfvallahönnuður og blaðamaður.

Karin Schmidt, samskipti og ritstjórn, STERF o.fl.

Maria Strandberg, verkefnisstjóri hjá STERF.

Märten Wallberg, formaður Stokkhólmsdeildar Swedish Society for Nature Conservation.

Philip Spogård, golfvallahönnuður hjá Spogård & VanderVaart Golf Course Architects.

Pål Melbye, norska golfsambandinu.

Ole Römer Sandberg, arkitekt og professor við Norwegian University of Life Sciences.

Torben Kastrop Petersen, danska golfsambandinu.

Patrik Olofsson, Eco Images.

Karin Magntorn, Biosphere Office, Kristianstad Water Kingdom.

Fredrik Linse, Hässelby-golfklúbbnum.

# Sterf